

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvélá, vinnuvélá, farandvinnuvélá, búvéla, lyfta og lyftubúnaðar, rúllustiga, eimkatla, geyma og þrýstihylkja skulu greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir með slíkum vélum, tækjum og öðrum búnaði samkvæmt gjaldskrá þessari. Einnig innheimtir Vinnueftirlit ríkisins gjald fyrir skoðun á leiktækjum, gasmælingar, þrýstiraunir, verkleg próf, útgáfu skírteina og leyfisveitingar samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir véla, tækja og annars búnaðar sem og aðra þjónustu skv. 1. gr. sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 2.785.

Fyrir aukaskoðun sem þarf að framkvæma vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við reglubundna skoðun eða vanrækslu á vélum, tækjum eða öðrum búnaði skv. 1. gr. skal greiða 75% af gjaldi reglubundinnar skoðunar. Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar véla, tækja eða annars búnaðar skv. 1. gr. sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vélum, tækjum eða öðrum búnaði skv. 1. gr.

Fari fram reglubundin skoðun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði skv. 1. gr. utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns viðkomandi vélar, tækis eða annars búnaðar greiðist 50% álag á gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. einnig 1. og 2. mgr. Sama gildir sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur hliðstæð þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk atvinnurekanda.

3. gr.

Fyrir mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar mælingar sem og fyrir ýmis konar aukaþjónustu skal atvinnurekandi greiða þann kostnað sem af þjónustunni hlýst.

4. gr.

Fyrir þáttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins skulu þáttakendur greiða gjöld vegna kostnaðar við framkvæmd námskeiða.

5. gr.

Vinnueftirlit ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og getur stofnunin krafist greiðslu áður en þjónusta er innt af hendi. Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjaldanna séu þau ekki greidd á eindaga.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr. og 4. mgr. 74. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar stofnunarinnar, öðlast gildi frá og með 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001, ásamt öllum auglýsingum um breytingar á þeirri gjaldskrá.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

Bjarnheiður Gautadóttir.

VIÐAUKI 1
Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks.

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
1. AB	Byggingakranar (turnkranar) > 18 tm	13,6
2. AH	Hafnarkranar, iðnaðarkranar > 18 tm	17,1
3. BB	Grindarbómukranar á beltum > 18 tm	17,1
4. BG	Grindarbómukranar á hjólum > 18 tm	17,1
5. BH	Hleðslukranar > 18 tm	8,2
6. BS	Vökvakranar með skotbómu > 18 tm	10,2
7. CA	Hafnarkranar < 18 tm	6,9
8. CB	Brúkranar	8,2
9. CD	Hlaupakettir,talíur og vöruvindur	5,4
10. CI	Iðnaðarkranar < 18 tm	7,5
11. DA	Farandkranar < 18 tm	8,0
12. DK	Körfukranar	7,6
13. DS	Steypuðælukranar	7,6
14. EA	Gröfur á hjólum m/360° snúningi	6,7
15. EB	Gröfur á beltum	6,7
16. EH	Gröfur á hjólum	6,7
17. EK	Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð	6,7
18. FB	Beltaskóflur	6,7
19. FH	Hjólaskóflur	6,7
20. GB	Jarðýtur	6,1
21. GS	Borvagnar, staðri gerð	7,7
22. HV	Vegheflar	7,0
23. IA	Dráttartæki á flugvöllum	4,6
24. IB	Sópar, snjóplógar, snjóblásarar	4,6
25. ID	Dráttarvélar með tækjabúnaði	6,0
26. IF	Flutningataeki t.d. dembarar sem ekki fara hraðar en 30 km/klst. burðargeta > 5t	4,6
27. II	Sérbúnar vinnuvélar í iðjuverum	4,6
28. IM	Gröfur, ámokstursskóflur, minni gerð	6,0
29. IS	Snjótroðrarar	6,0
30. IT	Dráttartöggar	4,6
31. JF	Lyftitæki fjölnotataeki, lyftigeta ≤ 5t	5,2
32. JL	Lyftrarar, lyftigeta ≥ 1,2 t en ≤ 10 t; lyftihæð ≥ 0,4 metrar og stjórnandi getur ferðast með	4,3
33. JV	Lyftiverkpallar á flugvöllum	5,2
34. KG	Lyftrarar > 10 t lyftigeta	6,0
35. KL	Lyftitæki, fjölnotataeki, lyftigeta > 5t	6,0
36. LS	Valtarar, sjálfkeyrandi	5,0
37. MM	Malbikunárélar, fræsarar, sjálfkeyrandi	3,8
38. NB	Bílalyftur	7,0
39. NC	Bílalyftur, vökvaknúnar	4,0
40. NF	Fólksslyftur	7,6
41. NF	Fólksslyftur - úttekt á uppsetningu.....	11,6
42. NG	Fólkss- og vörulyftur	7,6
43. NG	Fólkss- og vörulyftur - úttekt á uppsetningu	11,6
44. NH	Hjólastólalyftur	5,0
45. NH	Hjólastólalyftur, stórskoðun	6,3
46. NL	Lyftur, sérstakrar gerðar	7,6
47. NM	Þjónustulyftur, burðargeta < 100 kg	6,3
48. NR	Rúllustigar	7,6
49. NV	Vörulyftur	6,3

Flokkur	Tækjaheiti/Pjónusta	Gjaldeiningar
50. NV	Vörulyftur, úttekt eftir uppsetningu	6,3
51. OB	Togbrautir fyrir skíðafólk	9,7
52. OS	Stólalyftur	33,4
53. OT	Toglyftur	15,9
54. PH	Hleðslukranar < 18 tm	8,2
55. RB	Borvagnar, minni gerð	5,4
56. RM	Jarðborar, minni gerð	5,4
57. RS	Jarðborar, stærri gerð.....	10,2
58. SA	Valtarar, sópar, plógar, blásarar o.fl. dregin tæki	4,5
59. SB	Lyfti- og vökvabúnaður ökutækja	5,5
60. SD	Garðúðunartæki og álíka búnaður	4,5
61. SE	Vélar tengdar ökutækji, minni gerð	4,5
62. SF	Brjótar	4,5
63. SH	Hörpur	4,5
64. SI	Stórar hringekjur, stærri tæki	12,0
65. SJ	Litlar hringekjur, minni tæki	7,5
66. SK	Leiktæki, minni gerð	4,0
67. SL	Leiktæki, minnsta gerð	3,0
68. SM	Lyftitæki sem gengið er með eða staðið á palli, lyftigeta $\geq 1,2$ t, lyftihæð $> 0,4$ m og $< 2,5$ m	3,5
69. SN	Flutningatæki sem stjórnandi ferðast með, lyftigeta ≥ 1.000 kg, lyftihæð $< 0,4$ m	3,5
70. VA	Gámarammar	4,0
71. VB	Lyftiverkpallar < 150 kg lyftigeta	3,0
72. VD	Brettaskápar, herðatre	3,5
73. VH	Körfur til að hífa fólk og lyfta fólkí	3,0
74. VL	Lyftiverkpallar > 150 kg lyftigeta og byggingalyftur	7,0
75. VP	Hengiverkpallar	7,0
76. XA	Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	14,2
77. XA	Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	9,7
78. XB	Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	14,2
79. XB	Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	9,7
80. XD	Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	14,2
81. XD	Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	9,7
82. YA	Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	14,2
83. YA	Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	9,7
84. YB	Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	14,2
85. YB	Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	9,7
86. YD	Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	14,2
87. YD	Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	9,7
88. ZA	Eimkatlar 1, stórskoðun	9,7
89. ZA	Eimkatlar 1, ársskoðun	9,7
90. ZB	Eimkatlar 2, stórskoðun	20,0
91. ZB	Eimkatlar 2, ársskoðun	12,0
92. ZD	Eimkatlar 3, stórskoðun	38,0
93. ZD	Eimkatlar 3, ársskoðun	21,5
94. ZE	Eimkatlar 4, stórskoðun	38,0
95. ZE	Eimkatlar 4, ársskoðun	21,5
96. ZF	Vatnshitunarkerfi	5,0
97. ZG	Neysluvatnshylki	1,5
98.	Gasmælingar, 1. geymir	7,6
99.	Gasmælingar, hver geymir umfram fyrsta	1,1
100.	Vottun á þrýstiraunum	4,0
101.	Verkleg próf á vinnuvélar	3,5

Nr. 1600

15. desember 2021

Flokkur	Tækjaheiti/Pjónusta	Gjaldeiningar
102.	Verkleg próf í notkun sprengiefna	2,9
103.	Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla	2,8
104.	Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	2,8
105.	Skráning vinnuvéla	10,0
106.	Eigendaskipti vinnuvéla	1,4
107.	Ný ADR skírteini, vottorð vegna starfsþjálfunar	4,0
108.	Endurútgáfa ADR skírteina, vottorð vegna starfsþjálfunar	4,0
109.	Skráning lyfta í flokkum NF og NG	5,5

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2021